

Hafnarfirði, 25. júní 2020

1801099 **Kaplakriki**

Á fundi bæjarstjórnar 10. júní 2020 lagði bæjarfulltrúi Bæjarlistans, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir fram eftirfarandi fyrirspurn:

1) Óskað er eftir upplýsingum um ferlið sem framundan er vegna uppgjörs í samræmi við rammaskipulag bæjarins og FH.

Undirbúningur vegna afsala, veðflutninga og veðbandslausna er hafinn. Undirritun og þess háttar fer fram á næstu dögum þar sem að eignaskiptayfirlýsingin hefur þegar verið samþykkt af bæjarstjórn. Samhliða þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingar verður afsöllum, veðflutningum og veðbandslausnum þinglýst.

2) Sérstaklega er óskað eftir upplýsingar um endanlegum tölum um verðmat einstakra húsa. Ljóst er að bærinn er hvorki að byggja né kaupa Skessuna, heldur kaupa önnur hús. Óskað er eftir samantekt á því hvernig heildarupphæð rammaskipulagsins (790m) skiptist á hinar keyptu eignir.

Samkvæmt rammaskipulagi var samkomulag um að sveitarfélagið eignaðist að fullu Kaplakrika íþróttahús (parkethús), knatthúsin Risann og Dverginn. Endanlegt verðmæti eignanna skyldi verða ljóst eftir vinnu Kaplakrikahóps. Á fundi bæjarráðs 8. nóvember 2018 samþykkti bæjarráð tillögu Kaplakrikahóps að verðmæti ofangreindrar eignar. Verðmat hjálaga. Einnig er vísað til hjálags fylgiskjals þar sem fram kemur verðmat allra eignarhluta og endanleg eignaskipti í Kaplakrika.

3) Hvernig uppgjöri um þau er háttað (tengist sp. 2, um kaupverð).

Samkvæmt rammaskipulagi skyldi kaupverðið greitt eftir framvindu við byggingu Skessunnar (þó að hámarki kr. 790 mill). Framvinda var lögð fram á fundum Kaplakrikahóps sem fór yfir hana og samþykkti. Framkvæmdum við Skessuna er ekki lokið. Samkvæmt rammaskipulagi hefur þegar hefur verið greitt 760.269.647, staða í ársreikningi 2019. Eftir er að greiða 29.730.353 sem verður greitt þegar lokaúttekt liggur fyrir.

4) Hvenær og hvernig eignum verði þinglýst á víxl milli aðila

Gerð eru afsöl á milli bæjarins og FH sem verður þinglýst, sbr. svar við spurningu nr. 1.

5) Komið hefur fram að í dag á bærinn 80% hlut á móti 20% FH í Íþróttahúsinu/parkethúsinu, en í vinnu við rammaskipulagið hefur verið reiknað með því að fullnustaður verði gjafgjörningur frá 1989 og húsið þar með fært að 100% í eigu FH, til þess svo að kaupa það aftur að fullu miðað við fram komið verðmat.



Spurt er hvenær sá gjafagjörningur verði fullnustaður og hvernig.

Samningur F.H. og Hafnarfjarðarbæjar um byggingu íþróttahúss í Kaplakrika („parkethúsið“) sem undirritaður var 7. janúar 1989 var samþykktur í bæjarstjórn 10. janúar 1989. Í 7. gr. samningsins kemur fram að FH eignist húsið að fullu 1. janúar 2005.

Uppgjör vegna „parkethúss“ er hluti af uppgjöri vegna eignaskipta í Kaplakrika sjá fylgiskjal nr. 2. Þar sem verðmat eignahluta bæjarins í Kaplakrika (um 4,8 milljarðar) er umtalsvert hærra en bókhaldsvirði (um 3,2 milljarðar) mun eignauppgjörið ekki hafa áhrif á eignir né rekstur bæjarins. Þrátt fyrir að um 80 milljóna króna hluti (bókfært virði) í parkethúsi verði færður út er heildarverðmæti eigna í kjölfar eignaskipta mun hærra en því nemur. Bærinn beitir ekki þeirri bókhaldsreglu að færa upp eignir í takt við markaðsvirði/matsvirði og verður því heldur ekki um tekjufærslu að ræða. Áhrif á uppgjör bæjarins hafa verið yfirfarin og samþykkt af endurskoðanda bæjarins.

Hér spyr ég nánar um upphæðir, þ.e. hvert er bókfært verð 80% eignar bæjarins í dag. Hvenær og hvernig hún verði gjaldfærð og með hvaða hætti fullnustun gjafagjörningins verði færð til bókar. Sbr. spurningu 2, hvert er nýtt kaupverð hússins og hvernig verður bókfærslan á því (kaup/eign).

Sjá svar við spurningu 5. Nýtt kaupverð kemur fram á fylgiskjali nr. 1.

Einnig er spurt um uppfyllingu annarra ákvæða í 8. grein samþykktarinnar frá 1989, þ.e. hvað varðar starfsmannahald og rekstur hússins o.s.frv. sem andlag við gjafagjörningnum.

Gerður hefur verið rekstararsamningur við F.H. eins og önnur íþróttafélög og er „parkethúsið“ þar á meðal.

- 6) Spurt er hvort í samþykki eignaskiptayfirlýsingar felist að samþykkja gjafagjörninginn sem um ræðir, frá 1989.**

Sjá svar við spurningu 5.

- 7) Einnig væri gott að fá yfirlit yfir stöðu uppgjörs samkvæmt rammasamkomulaginu, miðað við ársreikning 2019 virðist mér að ekki sé að fullu búið að greiða þá upphæð sem í samkomulaginu felst.**

Sjá svar við spurningu 3.

Hér vil ég bæta við spurningu um það hvort framkvæmdum við Skessuna er lokið og óska eftir því að endanlegt uppgjör vegna byggingarinnar verði lagt fram.

Framkvæmdum er ekki lokið, sbr. það sem hefur komið fram. Lokagreiðsla verður greidd þegar fullnaðarúttekt liggur fyrir. Heildaruppgjör verður aldrei hærra en 790 millj. kr.



8) Á eftir að greiða lokagreiðslu á grunni rammasamkomulags?

Já sbr. það sem áður hefur komið fram og verður greidd þegar fullnaðarúttekt mannvirkisins liggur fyrir.

9) Hvaða skref eru semsagt eftir í þessu ferli og hvernig verða þau stigin?

Þinglýsing eignaskiptasamnings ásamt afsölum er næsta skref og er það hafið.

10) Hver tekur saman minnisblaðið/svörin við þessum spurningum? Óska eftir að minnisblaðið sé undirritað.

Bæjarstjóri.

11) Er búið að aflétta veðum af þeim eignum sem færast samkvæmt eignaskiptayfirlýsingunni yfir á bæinn?

Aflýsing hefur ekki farið fram en ferlið er hafið.